

ÆSKULÝÐSDAGAR

Hestamannafélagið Blær á Norðfirði heldur sína árlegu æskulýðsdaga á Kirkjubólseyrum dagana 12.-14. júní. Reiðkennari þetta árið er Reynir Atli Jónsson. Allir krakkar að 18 ára aldri sem geta útvegað sér reiðskjóta eru velkomnir. Dagskráin hefst föstudaginn 12. júní kl 10:00 við Dalahöllina með setningu æskulýðsdaga og þá eiga allir að vera mættir með hestana sína inn á félagssvæði.

Nauðsynlegt er að foreldri eða fullorðinn forráðamaður fylgi ungum og/eða óreyndum knöpum.

Á æskulýðsdögum dvelja þátttakendur gjarnan á félagssvæðinu allan tímann og gista í tjöldum ef veður leyfir en annars í félagshúsinu. Ekki þarf að taka með sér nesti og þátttaka er ókeypis. Ýmislegt skemmtilegt verður á dagskrá með hestamenskunni, farið verður í sund, ýmiskonar hópastarf, óvissuferð, grillað, haldnar kvöldvökur o.fl.

ÞAÐ HELSTA SEM ÞARF AÐ TAKA MEÐ: (Athugið að merkja föt og hluti vel)

HESTUR

Foreldri☺

Reiðtygi og hjálmur

Kambur/bursti, faxteygjur

Svefnpoki, koddí

Dýna

Tjald

Sunddót


Snyrtidót

Hlý föt, líka til skiptanna

Hlífðarföt

Stígvél

FULLT AF GÓÐU SKAPI☺



Skráning og frekari upplýsingar á netfanginu blaer@visir.is eða hjá Þórhöllu í síma 891-9419. Í skráningu þarf að koma fram nafn og aldur knapa og nafn reiðskjóta. Nánari dagskrá verður birt á heimasíðu félagsins www.123.is/blaer þegar nær dregur.

Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 8. júní.